

**180. aðalráðstefna**  
**Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu**  
október 2010

**Réttindi, ábyrgð og afleiðing vals**

**Thomas S. Monson forseti**

Kæru bræður prestdæmisins, ég bið þess einlæglega að mega njóta hjálpar himnesks föður í kvöld við að færa ykkur það sem ég tel mikilvægt að miðla ykkur.

Ég hef undanfarið hugleitt val og afleiðingar þess. Varla líður svo ein klukkustund að ekki sé þörf á að velja á einn eða annan hátt. Sumt er smávægilegt og annað mikilvægara. Sumt skiptir engu í eilífu samhengi og annað skiptir *öllu*.

Ég hef íhugað ýmsar hliðar þess að velja og skipt þeim í þrjá flokka: Í fyrsta lagi, *réttindi* vals; í öðru lagi, *ábyrgð* vals; og í þriðja lagi, *afleiðing* vals. Ég ætla að ræða um þetta þrennt.

Fyrst nefni ég *réttindin til* að velja. Ég er afar þakklátur himneskum föður fyrir að hafa veitt okkur sjálfræði eða þau réttindi að geta valið. David O. McKay, níundi forseti kirkjunnar, sagði: „Næst á eftir æðstu gjöf Guðs til mannsins, sem er lífið sjálft, koma réttindin til að ráða yfir því lífi.“<sup>1</sup>

Við vitum að við höfðum sjálfræði áður en þessi heimur varð til og að Lúsífer reyndi að taka það frá okkur. Hann hafði enga trú á reglu sjálfræðis, eða okkur, og færði rök fyrir þvingaðri sálhjálp. Hann hélt því fram að engin mundi glatast í áætlun hans, en virtist ekki skilja – eða kannski skipti það hann engu – að enginn yrði vitrari, sterkari, samúðarfullri eða þakklátari, ef áætlun hans næði fram að ganga.

Við, sem völdum að fylgja áætlun frelsarans, vissum að ferð okkar yrði erfið og háskaleg, því við færum í heim syndar og hrösunar, og yrðum fjarri föður okkar. En hinn frumgetni í andanum bauð sjálfan sig fram til að friðþægja fyrir syndir okkar allra. Með ólýsanlegum þjáningum varð hann hinn mikli lausnari, frelsari alls mannkyns, og gerði okkur þannig kleift að komast farsællega aftur til föður okkar.

Spámaðurinn Lehí sagði: „Þess vegna eru menn frjálssir í holdinu, og allt er þeim gefið, sem mönnum er nauðsynlegt. Og þeim er frjálst að velja frelsi og eilíft líf fyrir atbeina hins mikla meðalgöngumanns allra manna, eða velja helsi og dauða í samræmi við ánaud og vald djöfulsins. Því að hann sækist eftir því, að allir menn verði jafn vansælir og hann sjálfur.“<sup>2</sup>

Bræður, *réttindin* til að velja eru alltaf okkar, hverjar sem aðstæður okkar eru.

Á eftir *réttindunum* til að velja, kemur *ábyrgðin* sem felst í vali okkar. Við getum ekki verið hlutlaus; það er ekki hægt að sitja hjá. Drottinn er það ljóst; Lúsífer er það ljóst. Svo lengi sem við dveljum á þessari jörðu, munu Lúsífer og fylgjendur hans aldrei missa vonina um að eignast sálir okkar.

Himneskur faðir fól okkur ekki að takast á við þessa eilífu ferð án þess að sjá okkur fyrir guðlegri leiðsögn hans og liðsinni við að snúa örugg til baka að jarðlífinu loknu. Ég á hér við bænina. Ég á hér einnig við hina hljóðu og kyrrlátu rödd innra með okkur öllum, og ég gleymi ekki ritningunum, sem ritaðar voru af sjóförum sem sigldu af öryggi um þau höf, sem við verðum einnig að komast yfir.

Sérhver okkar hefur komið til þessarar jarðar með allt sem þarf til að geta valið rétt. Spámaðurinn Mormón sagði: „Andi Krists er gefinn hverjum manni, svo að hann megi þekkja gott frá illu.“<sup>3</sup>

Við erum umluktir skilaboðum óvinarins – sem stundum jafnvel dynja á okkur. Hlustið á fáein þeirra; þið eruð án efa kunnugir þeim. „Þetta eina skipti skiptir ekki máli.“ „Hafðu engar áhyggjur, enginn kemst að þessu.“ „Þú getur hætt að reykja – eða drekka – eða neyslu eiturlyfja hvenær sem þú vilt.“ „Allir gera þetta, svo það getur varla verið svo slæmt.“ Blekkingarnar eru endalausar.

Þótt við komum að krossgötum og bugðum á leið okkar, höfum við ekki ráð á þeim munaði að fara hjáleiðir sem við kunnum að villast algjörlega á. Lúsífer, sá mikli bragðarefur, leikur sinn brögðotta leik og lokkar hinn grandalaus af hinum örugga og valda vegi, frá leiðsögn ástríkra foreldra, burt úr því skjóli sem kenningar Guðs veita. Hann leitar okkar allra, einnig hinna kjörnu Guðs. Davíð konungur hlustaði, var tvístígandi, lét blekkjast og féll. Það gerði Kain einnig fyrrum og Júdas Ískariót síðar. Aðferðir Lúsífers eru slóttugar og fórnarlömbin mörg.

Um hann lesum við í 2. Nefí: „Og aðra mun hann hvetja til væðar og andvaraleysisdvala holdlegs öryggis.“<sup>4</sup> „Enn aðra dregur hann burt með skjalli og segir þeim, að ekkert víti sé til, ... þar til hann smeygir skelfingarhlekkjum sínum á þá.“<sup>5</sup> „Og þannig svíkst djöfullinn að sálum þeirra og leiðir þá lævíslega niður til heljar.“<sup>6</sup>

Hvað veljum við þegar við stöndum frammi fyrir mikilvægum valkostum. Lútum við í lægra haldi fyrir loforði um stundaránægju? Fyrir löngunum okkar og ástríðum? Fyrir þrýstingi jafnaldra okkar?

Verum ekki jafn óákveðnir og Lísu í hinni sígildu sögu Lewis Carroll, *Lísu í Undralandi*. Þið munið að hún kom að krossgötum þar sem leiðin fyrir framan hana skiptist í tvær gagnstæðar áttir. Hún hittir angóraköttinn og spyr hann: „Hvaða leið á ég að fara?“

Kötturinn svaraði: „Það fer eftir því hvert þú vilt fara.“ Ef þú veist ekki hvert þú vilt fara, þá skiptir engu hvora leiðina þú velur.“<sup>7</sup>

Ólíkt Lísu, vitum við allir hvert við viljum fara, og það *skiptir* máli hvora leiðina við förum, því með því að velja leiðina, veljum við ákvörðunarstað okkar.

Við stöndum stöðugt frammi fyrir ákvörðunum. Við þurfum hugrekki til skynsamlegra ákvarðanatöku – hugrekki til að segja nei, hugrekki til að segja já. Ákvarðanir ákveða örlögin.

Ég sárbið ykkur um að einsetja ykkur hér og nú, að fara ekki af veginum sem liggur að takmarki ykkar: Eilífu lífi með föður ykkar á himnum. Á þeim beina og sanna vegi eru fleiri takmörk: Trúboðsþjónusta, musterishjónaband, kirkjuþjónusta, ritningarnám, bænargjörð, musterisstarf. Það eru ótal verðug takmörk sem við getum náð á ferð okkar um lífið. Við þurfum að einsetja okkur að ná þeim.

Loks, bræður, ræði ég um *afleiðingar* valsins. Allt okkar val hefur afleiðingar, sumar hafa lítið sem ekkert að gera með eilífa sáluhjálpi okkar og aðrar hafa *allt* með hana að gera.

Hvort heldur þið klæðist grænni eða blárri skyrtu hefur engin langvarandi áhrif. En ef þið veljið að smella á hnapp á tölvunni sem leiðir ykkur að klámi, getur það skipt *öllu* í lífi ykkar. Þið hafið þá stigið út af hinum beina og örugga vegi. Ef vinur hvetur ykkur til að neyta áfengis eða eiturlyfja, og þið látið undan þrýstingnum, farið þið hjáleid sem ekki er víst að þið komist til baka af. Bræður, hvort heldur við erum 12 ára djáknar eða rosknir háprestar, erum við móttækilegir. Beinum augum okkar, hjarta og huga að því takmarki sem er eilíft og allra gjalda vert, hverjar sem fórnirnar eru sem við þurfum að færa til að ná því.

Engin freisting, enginn þrýstingur, engin ginning fær sigrað okkur nema við leyfum það. Ef val okkar er rangt, er engum um að kenna nema sjálfum okkur. Brigham Young forseti greindi eitt sinn frá þeim sannleika með því að tengja hann við sjálfan sig. Hann sagði: „Ef bróðir Brigham færi villur vegar og ríki himins yrði honum lokað, væri engum um að kenna nema bróður Brigham. Ég er sá eini á himni, jörðu eða í helju sem á sök á því.“ Hann sagði einnig: „Það á jafnt við um alla Síðari daga heilaga. Sáluhjálpi er framtak hvers einstaklings.“<sup>8</sup>

Páll postuli fullvissaði okkur: „Þér hafið ekki reynt nema mannlega freistingu. Guð er trúr og lætur ekki freista yður um megn fram, heldur mun hann, þegar hann reynir yður, einnig sjá um, að þér fáið staðist.“<sup>9</sup>

Allir höfum við einhvern tíma valið rangt. Ef við höfum ekki þegar leiðrétt slíkt val, fullvissa ég ykkur um að það er hægt. Sú leið nefnist iðrun. Ég sárþæni ykkur um að leiðrétt mistök ykkar. Frelsari okkar dó til að veita ykkur og mér þá blessuðu gjöf. Þótt vegurinn sé ekki auðfarinn, er loforðið raunverulegt: „Þó að syndir yðar séu sem skarlat, skulu þær verða hvítar sem mjöll.“<sup>10</sup> „Og ég, Drottinn, minnst þeirra ekki lengur.“<sup>11</sup> Stofnið ekki eilífu lífi ykkar í hættu. Því fyrr sem þið hefjið þetta ferli, ef þið hafið syndgað, því fyrr finnið þið frið og gleði sem fylgja undri fyrirgefningar.

Bræður, þið eruð af göfugu kyni. Eilíft líf í ríki föður okkar er takmark ykkar. Slíku takmarki verður ekki náð í einni dýrðlegri tilraun, heldur er það árangur ævilangs réttlætis, röð ótal skynsamlegra ákvarðana, já, stöðug einbeiting að takmarkinu. Líkt og á við um allt sem er einhvers virði, þá krefst umbun eilífs lífs erfiðis.

Ritningarnar segja skýrt:

„Gætið því þess að gjöra svo sem Drottinn Guð yðar hefir boðið yður. Víkið eigi frá því, hvorki til hægri né vinstri.

Gangið í öllu þann veg, sem Drottinn Guð yðar hefir boðið yður.“<sup>12</sup>

Að lokum ætla ég að miðla ykkur dæmi um nokkurn sem ákvað snemma í lífi sínu hvert takmarkið ætti að vera. Ég á við bróður Clayton M. Christensen, meðlim kirkjunnar, prófessor í viðskiptastjórnun í Viðskiptadeild Harvard-háskólans.

Þegar bróðir Christensen var 16 ára ákvað hann m.a. að stunda ekki íþróttir á sunnudögum. Árum síðar, þegar hann sótti Oxford-háskólann á Englandi, lék hann sem miðjumaður í körfuboltaliðinu. Á því ári höfðu þeir verið ósigrandi og komust í keppni sem á Bretlandi jafngilti NCAA körfuboltakeppninni í Bandaríkjunum.

Þeir sigruðu hin liðin nokkuð auðveldlega í keppninni og komust í fjórðungsúrslit. Það var þá sem bróðir Christensen var litið á tímasetningu leikjanna og sá sér til mikillar skelfingar að úrslitaleikinn átti að leika á sunnudegi. Hann og félagar hans höfðu lagt svo hart að sér til að ná settu marki, og hann var aðalmiðherji. Hann greindi þjálfara sínum frá vandanum. Þjálfarinn sýndi bróður Christensen engan skilning og vænti þess að hann væri með í leiknum.

Undanúrslitin voru þó á undan úrslitaleiknum. Til allrar ólukku fór varamiðherjinn úr axlarliði, og jók það enn þrýstinginn á að bróðir Christensen yrði með í úrslitaleiknum.

Hann fór á hótélherbergið sitt, kraup niður og spurði himneskan föður hvort í lagi væri að leika aðeins í þetta eina skipti á sunnudegi. Hann sagðist hafa fengið svar áður en hann lauk bæn sinni, og svarið var: „Clayton, hvað ertu eiginlega að biðja mig um? Þú veist svarið.“

Hann fór til þjálfarans og sagðist ekki geta leikið með í úrslitaleiknum og að sér þætti það afar leitt. Hann fór síðan á sunnudagssamkomur í kirkjudeildinni á staðnum, meðan liðið hans lék án hans. Hann bað innilega fyrir velgengni þess. Þeir sigruðu.

Þessi afdrifaríka ákvörðun átti sér stað fyrir rúmum 30 árum. Bróðir Christensen sagði, að er tímar liðu hefði honum orðið ljóst að þetta var ein mikilvægasta ákvörðunin sem hann hafði tekið. Það hefði verið svo auðvelt að segja: „Almennt er rétt að halda hvíldardaginn heilagan, en við þessar sérstöku aðstæður er í lagi að gera það ekki í þetta eina skipti.“ Hann sagði að allt hans líf hefðu ótal aðstæður komið upp þar sem auðvelt hefði verið að afsaka sig, og ef hann hefði farið yfir mörkin þarna, hefði verið mun auðveldara að fara yfir mörkin aftur, þegar eitthvað mikilvægt og krefjandi kæmi upp. Honum lærðist sú lexía að auðveldara er að halda boðorðin 100% tímans, heldur en aðeins 98% tímans.<sup>13</sup>

Kæru bræður, megum við fyllast þakklæti fyrir *réttingin* til að velja, axla *ábyrgðina* af vali okkar og alltaf vera meðvitaðir um *afleiðingarnar* sem hljóta af valinu. Við getum, sameinaðir sem prestdæmishafar, tekið á móti handleiðslu himnesks föður, er við veljum rétt af natni og nákvæmni. Við erum að vinna verk Drottins Jesú Krists. Við, líkt og hinir fornu, höfum svarað kalli hans. Við erum erindrekar hans. Okkur mun takast að uppfylla þetta hátíðlega boð: „Verið þér hreinir, sem berið ker Drottins.“<sup>14</sup>

Auðmjúk bæn sín er að svo megi verða. Í nafni Jesú Krists, meistara okkar, amen.

## HEIMILDIR

1. *Teachings of Presidents of the Church: David O. McKay* (2003), 208.
2. 2 Ne 2:27.
3. Moró 7:16.
4. 2 Ne 28:21.
5. 2 Ne 28:22.
6. 2 Ne 28:21.

7. *Discourses of Brigham Young*, bls. 390.
8. Tekið úr Lewis Carroll, *Alice's Adventures in Wonderland* (1898), 89.
9. 1 Kor 10:13.
10. Jes 1:18.
11. K&S 58:42.
12. 5 Mós 5:32–33.
13. Sjá Clayton M. Christensen, „Decisions for Which I've Been Grateful“ (Brigham Young háskóli–hátíðarsamkoma í Idaho, 8. júní, 2004), [www.byui.edu/presentations](http://www.byui.edu/presentations).
14. Jes 52:11.